

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

28. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, haldinn að Breiðabliki 28. júlí 2014 og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Atli Sveinn Svansson, Jón Oddsson, Þróstur Aðalbjarnarson, Egill Valberg Benediktsson, Jóhannes Eyberg Ragnarsson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning formanns, varaformanns og fundarritara nefndarinnar.
Atli Sveinn Svansson kosinn formaður, Egill Valberg Benediktsson varaformaður, ritari Jökull Helgason.
2. Samningur um svæðisnefnd skipulags- og byggingarmála fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp og Helgafellssveit.
Lagt fram til kynningar og umræðu.
3. Deiliskipulagslýsing vegna Selja í Helgafellssveit.
Frestur til að gera athugasemdir við deiliskipulagslýsinguna rann út 24. júní sl., engar athugasemdir bárust. Umsagnir lögaðila/stofnana eru ennþá í athugasemdaferli.
Lagt fram.
4. Deiliskipulagstillaga fyrir Seljar í Helgafellssveit, unnin af Erlu Bryndísi Kristjánsdóttur landslagsarkitekt hjá Teiknistofunni Eik ehf, Suðurgötu 12, Ísafirði.
Deiliskipulagslýsing hefur verið auglýst, engar athugasemdir bárust.
Skipulagsstofnun hefur með bréfi dags. 07.05.2014 gefið meðmæli/jákvæða umsögn með auglýsingu deiliskipulagstillögunnar.
Samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Selja skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 160/2010.
5. Athugasemdir við auglýsta breytingu á gildandi deiliskipulagi vatnsaflsvirkjunar í Svelgsá, svokallaðrar Svelgsárvirkjunar í Helgafellssveit.
Athugasemdafrestur var til 22. júlí sl.
Athugasemdir bárust frá eigendum jarðarinnar Svelgsár og Hrísakots / Valla.
Afgreiðslu málsins frestað og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að afla frekari gagna um málið, m.a. að láta setja landamerki aðliggjandi jarða/spildna inná skipulagsuppdráttinn, einnig að óska eftir upplýsingum um hvernig frágangi sé háttáð á virkjanasvæðinu að framkvæmdum loknum s.s. vegna vegagerðar meðfram fallpípu.
6. Erindi frá Kristjáni Guðmundssyni kt. 031055-2379 dags. 12.05.2014.
Sótt er um leyfi til að breyta sumarhúsi að Birkilundi 44 í heilsárshús. Um er að ræða hús byggt 1974, 52,7 m² að stærð, landnr. 136974 / fastanr. 211-5624.
Í ljósi þess að skipulag svæðisins gerir ekki ráð fyrir íbúðarhúsalóð á þessum stað, hafnar nefndin erindinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

7. Erindi frá Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi vegna Svæðisskipulags Snæfellsness 2014 – 2026.
Tillaga að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014 – 2026 ásamt umhverfisskýrslu. Minnisblað frá svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, um framgang skipulagsvinnunnar, þ.e. um næsta skref, sem er auglýsing svæðisskipulagstillögunnar, sem áður hefur verið afgreidd af sveitarstjórnunum fimm og send yfir 100 aðilum á Snæfellsnesi og víðar, til umsagnar. Skipulagsstofnun sendi í síðustu viku umsögn sína vegna "athugunar" á skipulagstillögunni skv. skipulagslögum, og gerði engar athugasemdir við hana. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti með tölvupóstum sínum á milli þá afgreiðslu sem fram kemur í minnisblaðinu. Til fróðleiks má líka nefna að á föstudaginn 25. júlí sl. var haldinn fundur í eigendaráði svæðisgarðsins og í framhaldi verður fundur framkvæmdastjórnar svæðisgarðsins. Greinargerðina má finna sem viðhengi á eftirfarandi slóð <http://ssk-snaef.alta.is/tillaga-til-auglysingar>
Fyrir liggja umsagnir nokkurra umsagnaraðila s.s. frá Umhverfisstofnun. Meðfylgjandi erindinu er svæðisskipulagstillagan, ásamt umhverfisskýrslu, til afgreiðslu, skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 160/2010.
Nefndin gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst.
8. Erindi frá Félagsbúinu Miðhrauni 2.
Sótt er um leyfi fyrir 16,7 m² dæluhúsi vegna hitaveituframkvæmda, sem staðsett verður í landi Lynghaga, norðan Snæfellsnesvegjar, 54-07 í stöð 310 samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Vegagerð ríkisins hefur heimilað staðsetninguna fyrir sitt leyti.
Samþykkt.
9. Erindi frá Inga Tryggvasyni hdl.
Óskað er eftir leiðréttingu skráninga í Þjóðskrá varðandi Hrísdal. Færa þarf ræktun sem er skráð á Hrísdal 1 og 2 yfir á Hrísdal. Þegar jörðinni var skipt á sínum tíma fylgdi öll ræktun Hrísdal þannig að 211-3266 og 211-3253 þarf að færa yfir á Hrísdal landnr. 217471 í eigu Gunnars Sturlusonar. Þá þarf að leiðrétta stærðar skráninguna á Hrísdal 1 og 2. Eins og kemur fram á uppdrætti sem fylgdi landskiptunum á sínum tíma er það land samtals 582 hektarar (Hrísalur 1 og 2) en skv. Þjóðskrá er þessi hluti skráður 444 hektarar.
Samþykkt.
10. Til kynningar:
- Erindi frá Kristni G. Kristinssyni kt. 101260-2679. Óskað er eftir nafnabreytingu á sumarhúsi (heilsárshúsi) í Borgarlandi fastanr. 211-3137. Hið nýja nafn verður Arnarborg.
 - Erindi frá Áslaugu Sigvaldadóttur og Þórði Runólfssyni, Syðra-Lágafelli. Lagðar fram til kynningar teikningar vegna fyrirhugaðs kaffihúss á lóð Ræktunarstöðvar Lágafells vestan Vegamóta.
 - Verklag við skráningu í landeignaskrá – leiðbeiningar frá Þjóðskrá Íslands.
 - Staða mála vegna aðalskipulags fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Fjögur eintök af uppdráttum ásamt greinargerðum, ásamt bréfi oddvita, hafa verið send til Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins.
 - Staða mála vegna aðalskipulags fyrir Helgafellssveit. Jökull sagði frá fundi sem haldinn var á teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur í júlí en þennan fund sátu auk skipulags- og byggingarfulltrúa þau Sif Matthíasdóttir og Hilmar Hallvarðsson.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

- f) Tilkynning um Skipulagsdaginn 2014 - árlegan samráðsfund Skipulagsstofnunar með sveitarfélögum sem haldinn er í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Skipulagsdagurinn 2014 verður 29. ágúst næstkomandi á Grand Hótel í Reykjavík.
- g) Bréf dags. 27.04.2014 frá Gísla Guðmundssyni, formanni reiðveganefndar Hestamannafélagsins Snæfellings.
- h) Jón Guðmundsson hjá Mannvirkjastofnun. Skipting byggingarfulltrúa á landsvísu.

11. Önnur mál:

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 23:15.